

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 104/2014**

104-2014i

**frá 16. maí 2014**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 830/2011 frá 27. júlí 2011 um gerð vöruskráar EB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2011 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 907/2012 frá 20. ágúst 2012 um gerð vöruskráar EB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2012 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 936/2013 frá 12. september 2013 um gerð vöruskráar EB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2013 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 <sup>(3)</sup>.
- 4) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 4ai (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 860/2010) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

- „4aj. **32011 R 0830**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 830/2011 frá 27. júlí 2011 um gerð vöruskráar EB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2011 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 (Stjtið. ESB L 224, 30.8.2011, bls. 1).
- 4ak. **32012 R 0907**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 907/2012 frá 20. ágúst 2012 um gerð vöruskráar EB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2012 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 (Stjtið. ESB L 276, 10.10.2012, bls. 1).
- 4al. **32013 R 0936**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 936/2013 frá 12. september 2013 um gerð vöruskráar EB yfir iðnaðarvörur fyrir árið 2013 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 (Stjtið. ESB L 271, 11.10.2013, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 830/2011, (ESB) nr. 907/2012 og (ESB) nr. 936/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 224, 30.8.2011, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 276, 10.10.2012, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 271, 11.10.2013, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

formaður.